

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Dalvíkurbyggð.

Deiliskipulag í landi Klængshóls.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar hefur þann 18. júní 2014, í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulag í landi Klængshóls.

Skipulagssvæðið í landi Klængshóls í Dalvíkurbyggð er skilgreint í aðalskipulagi frá 2008–2020 sem landbúnaðarsvæði (L2). Samhliða skipulagi þessu er gerð breyting á aðalskipulagi sem gerir ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæði á landi Klængshóls.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

F.h. Dalvíkurbyggðar, 9. júlí 2014,

Börkur Þór Ottósson byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 23. júlí 2014